

## FUNDARGERÐ

Árið 2016, föstudaginn 24. júní kl. 12:00 kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fundar í Tómothúsi á 4. hæð í innanríkisráðuneytinu, Sölvhólsgötu 7 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Guðný Sverrisdóttir formaður, nefndarmennirnir Ásgerður Gylfadóttir, Birgir Björn Sigurjónsson, Bjarni Jónsson, Karen E. Halldórsdóttir, Sigríður Huld Jónsdóttir og Valdimar O. Hermannsson ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Bergi Sigurjónssyni, Tinnu Dahl Christiansen og Guðna Geir Einarssyni, sem ritaði fundargerð.

Gengið var til dagskrár.

### 1. Fundargerð 24. maí 2016

Lögð fram fundargerð frá 24. maí 2016 til umfjöllunar og afgreiðslu.

*Fundargerðin samþykkt án athugasemda og undirrituð.*

### 2. Sameiningar sveitarfélaga

Lögð voru fram til umfjöllunar og afgreiðslu drög að breyttum upphæðum í vinnureglum vegna úthlutunar framlaga á grundvelli a-liðar 1. gr. reglna nr. 295/2013, en nefndin hafði fjallað um með hvaða hætti breyta ætti upphæðum vinnureglanna á síðasta fundi nefndarinnar.

*Voru reglurnar samþykktar og fram kom að í kjölfarið yrðu vinnureglurnar lagðar til afgreiðslu og undirritunar hjá innanríkisráðherra.*

## YFIRFÆRSLA Á MÁLEFNUM FATLAÐS FÓLKS

### 3. Viðbótarframlag 2016

Á grundvelli 2. gr. reglugerðar nr. 179/2016 um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2016 er heimilt að greiða sérstök viðbótarframlög til að koma til móts við þau þjónustusvæði/sveitarfélög þar sem um verulega íþyngjandi kostnað er að ræða umfram tekjur við rekstur málaflokksins.

Lögð voru fram til umfjöllunar og afgreiðslu drög að útreikningi viðbótarframlaga 2016 vegna þjónustu við fatlað fólk. Fram kom að öll þjónustusvæði hafi skilað inn gögnum um niðurstöður rekstrar á árinu 2015. Útreikningarnir taka mið af rekstrarafkomu á íbúa á hverju svæði. Ákveðið var að hverfa frá fyrri ákvörðun um að 200 m.kr. yrði varið í viðbótarframlög á grundvelli þessarar aðferðar en í staðin yrðu 300 m.kr. varið samkvæmt þeirri aðferð sem lögð var til á fundinum.

Fram kom vilji til þess á fundinum að hækka ráðstöfunarfjármagn framlagsins árið 2016 úr 400 m.kr. í 500 m.kr. og því væru 200 m.kr. eftir til ráðstöfunar á árinu og að sérstakt tillit yrði áfram tekið til þeirra þjónustusvæða þar sem halli væri mjög mikill sem hlutfall af þeim tekjum sem færu til málaflokks fatlaðs fólks.

*Nefndin samþykkti framlagða tillögu um úthlutun 300 m.kr. viðbótarframlags á grundvelli 2. gr. reglugerðar nr. 179/2016. Jafnframt var samþykkt að innheimta helming af skuld Byggðasamlags Vestfjarða við Jöfnunarsjóð að fjárhæð 14,75 m.kr. við úthlutun framlags til byggðasamlagsins.*

#### 4. Undirbúningur reglna vegna framlaga 2017

Fram kom að mikil áhersla hafi verið lögð á það að hálfu ráðgjafarnefndar að ný reglugerð vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2017 lægi fyrir sem allra fyrst svo hægt verði að gefa út tillögu um áætlaða úthlutun framlaga á árinu 2017.

Þá kom fram að ein af lykilforsendum þess að hægt sé að taka ákvarðanir um breytingar á reglugerð sé að kostnaðargreining í málaflokknum ljúki, en verið er að vinna að henni hjá sjóðnum. Tvö þjónustusvæði eiga eftir að skila umbeðnum upplýsingum um kostnað vegna rekstrareininga í málaflokknum. Áætlanir gera ráð fyrir að unnið verði í kostnaðargreiningunni í sumar. Með því verði m.a. unnt að tengja upplýsingar um kostnað rekstrareininga við þjónustuþega í málaflokknum sem gerir það kleift að reikna ný einingaverð SIS flokka. Í kjölfarið verði með raunhæfari hætti hægt að vinna með hugmyndir að breyttum aðferðum við úthlutun framlaga.

#### 6. Leigusamningar við Brynju hússjóð ÖBÍ

Fram kom að Hafnarfjarðarkaupstaður hafi greitt skuld vegna vangreiddrar leigu til Brynju frá áramótum og að fyrstu greiðslur framlaga til sveitarfélaga með langtímaleigusamninga við Brynju verði greiddar um næstu mánaðamót.

#### 7. Framlög vegna jöfnunar á tekjutapi vegna fasteignaskatts

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að áætluðu uppgjóri framlaga til jöfnunar á tekjutapi sveitarfélaga vegna lækkunar tekna af fasteignaskatti á árinu 2016 samkvæmt reglugerð nr. 80/2001 með síðari breytingum. Áætlað uppgjör framlaganna tekur mið af endurskoðuðu fjármagni til ráðstöfunar á árinu að fjárhæð um 3.845,3 m.kr. Um er að ræða 32 m.kr. hækkun á áætlaðri heildarúthlutun framlaganna á árinu 2016 frá áætlun sem birt var í október sl.

Tillaga að áætluðu uppgjóri framlaganna á árinu 2016 byggir á upplýsingum frá Þjóðskrá Íslands um álagningarstofna fasteignaskatts í sveitarfélögum 31. desember 2015 ásamt upplýsingum um álagningarprósentur og upplýsingum sveitarfélaga um afslætti til elli- og örorkulífeyrisþega, sem gilda fyrir árið 2016.

Á grundvelli ákvæða reglugerðar nr. 80/2001 með síðari breytingum nam fyrirframgreiðsla framlaganna til sveitarfélaganna, sem fram fór mánuðina febrúar til júní, 60% af áætluðu framlagi ársins eða um 2.287,6 m.kr.

*Að teknu tilliti til fjármagns til ráðstöfunar að fjárhæð 3.845,3 m.kr. og fyrirframgreiðslu framlaga að fjárhæð 2.287,5 m.kr. samþykkti ráðgjafarnefndin tillögu að áætluðu uppgjóri framlaganna á árinu 2016 að fjárhæð 1.557,6 m.kr. sem kemur til greiðslu með þremur jöfnum greiðslum mánuðina júlí, ágúst og september eða 519,2 m.kr. í hvert sinn.*

Fram kom á fundinum að við uppgjör framlaganna 2016 hafi komið í ljós að í uppgjóri ársins 2015 hafi framlag til Akureyrarkaupstaðar verið ofgreitt um 73,6 m.kr. þar sem álagning A stofns var röng. Starfsmönnum var falið að ræða við fulltrúa Akureyrarkaupstar um ofgreiðsluna.

#### 7. Framlög til eflingar tónlistarfræðslu - viðbótarframlög á árinu 2016

Alþingi samþykkti 2. júní sl. frumvarp til laga um breytingar á lögum vegna samkomulags milli ríkis og sveitarfélaga um stuðning við tónlistarnám og jöfnun aðstöðumunar nemenda til tónlistarnáms.

Í 4. gr. laganna sem breytir ákvæði til bráðabirgða í kafla XV. í lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995 er Jöfnunarsjóði veitt heimild til árlegrar innheimtu 230 m.kr. frá sveitarfélögunum. Skv. samkomulaginu eiga 30 m.kr. að renna til lausnar á bráðavanda tónlistarskólanna.

Í 3. mgr. athugasemda við 4. gr. í frumvarpinu kemur fram vilji löggjafans um ráðstöfun 30 m.kr. framlagsins sem er eftirfarandi:

„Er gert ráð fyrir því að 30 millj. kr. verði varið til lausnar á bráðavanda tónlistarskóla. Á árinu 2015 vörðu ríki og Reykjavíkurborg alls 180 millj. kr. í sama tilgangi. Gert er ráð fyrir því að á móti umræddum 30 millj. kr. frá ríki komi jafnhátt framlag frá Reykjavíkurborg og að með þeim framlögum takist að ljúka því að leysa bráðavanda tónlistarskóla í Reykjavík.“

*Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að framlaginu væri úthlutað til Reykjavíkurborgar eins og gert er ráð fyrir í athugasemdum frumvarpsins.*

## **8. Heildarendurskoðun á regluverki Jöfnunarsjóðs**

Lagt var fram til kynningar minnisblað til ráðherra og ráðuneytisstjóra vegna skipunar nefndar með fulltrúum ríkis og sveitarfélaga sem hafi það hlutverk að gera endanlegar tillögur um fyrirkomulag nýrra aðferða við jöfnun á útgjaldaþörfum og tekjumöguleikum sveitarfélaga.

Jafnframt voru lögð fram til kynningar drög að bréfi innanríkisráðuneytisins til Sambands íslenskra sveitarfélaga þar sem óskað er tilnefninga í nefndina.

## **9. Önnur mál**

### **Ársfundur**

Fram kom að ársfundur Jöfnunarsjóðs verður haldinn á Hilton Hótel Nordica 21. september en ekki á Grand Hótel eins og gert var ráð fyrir.

### **Fundur með varamönnum**

Ráðgjafarnefndin sem starfaði á árinu 2010-2014 ákvað að bjóða varamönnum til fundar í eitt skipti á síðasta kjörtímabili þar sem starfsemi sjóðsins var kynnt. Samþykkt var að sambærilegur fundur með varamönnum yrði haldinn í nóvember nk.

### **Ráðstefna um mat á stuðningsþörf**

Lögð var fram til kynningar dagskrá ráðstefnu á vegum Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins um mat á stuðningsþörf fatlaðs fólks.

### **Framlög til sérstakra verkefna á grundvelli 11. gr. reglugerðar nr. 960/2010**

Lagt var til að starfsmenn sjóðsins rýni núverandi reglur hvað sérstök framlög varðar og geri tillögur að breytingum sé þess þörf.

### **Næstu fundur**

Næsti fundur var ákveðinn 26. ágúst kl. 12.30

Fundi var slitið kl. 14:30.

---

Guðný Sverrisdóttir

---

Ásgerður Gylfadóttir

---

Birgir Björn Sigurjónsson

---

Bjarni Jónsson

---

Karen E. Halldórsdóttir

---

Sigríður Huld Jónsdóttir

---

Valdimar O. Hermannsson